



Fundur í skólaráði 5. nóvember 2025 kl. 08:30 – Bókasafn Borgaskóla

Mætt á fundinn voru Kristjana fulltrúi foreldra, Guðfinna og Svanur fulltrúar kennara, Elfar fulltrúi starfsfólks og Ester Helga skólastjóri. Bryndís Rut skólafélagsráðgjafi tók sæti á fundinum.

Efni fundar

Niðurstöður Lesmáls í 2. bekk og Lesfimi

Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026

1. Skólastjóri [kynnti](#) niðurstöður Lesmáls í 2. bekk, núverandi 3. bekk ásamt niðurstöðum Lesfimi í 1.-7. Bekk. Lesmál er próf sem metur lestur, lesskilning og réttritun hjá nemendum í 2. bekk íslenskra grunnskóla. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttritun og leshraða (lesfimi). Samanburðarhópur er aðrir 2. bekkingar í Reykjavík. Nemendur í Borgaskóla eru yfir Reykjavíkurmeðaltali líkt og sjá má á meðfylgjandi glærukynningu. Ef nemendur ná 65% árangri eða hærra prófinu teljast þeir með aldurssamsvarandi færni í lestri. Niðurstöður Lesfimi eru í takti við niðurstöður í september síðustu ár, enda miða lesfimiviðmið við niðurstöður í maí ár hvert. Lesfimiprófið var ekki lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk. Rýnt var í niðurstöður og það sem helst þarf að bregðast við er hvað lestrarfærni dalar á sumrin. Á starfstíma skóla er horft til þess að bæta árangur nemenda í læsi í samvinnu við heimilin og sérstök áhersla hefur verið lögð á að minnka hóp nemenda sem ná ekki viðmiðum.
2. Skólafélagsráðgjafi kynnti helstu niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir í vor, spurningar voru lagðar fyrir nemendur í 4.-7. Bekk. Niðurstöðurnar eiga því við nemendur í núverandi 5.-7. bekk. Rannsókninni er skipt niður í 5 flokka og eru þeir menntun, heilsa og vellíðan, öryggi og vernd, þátttaka og félagsleg tengsl, lífsgæði og félagsleg staða. Niðurstöður eru lagðar fram fyrir 4.-5. bekk annars vegar og fyrir 6.-7. bekk hins vegar. Svarhlutfall í Borgaskóla var 78%. Hér má sjá niðurstöður fyrir hvern þátt:

Menntun

- 91% nemenda í 4.–5. bekk telja mikilvægt að leggja sig fram í námi.
- 84% lesa sér til ánægju í frítíma.
- 77% finnst gaman í skólanum.
- Traust til kennara hefur minnkað (55% í 2025 vs. 67% í 2023).
- Stelpur í 6.–7. bekk treysta kennurum síður (41%) en strákar (53%).

Samanburður við viðmiðunarhópa:

- Borgaskóli stendur sterkt í lestri í frítíma (84%) miðað við önnur landsvæði (76%).

Heilsa og vellíðan

- 73% í 4.–5. bekk hreyfa sig mikið.
- 55% í 6.–7. bekk lýsa yfir lífsánægju.
- 40% í 6.–7. bekk finna fyrir kvíða vikulega eða oft.
- Stelpur upplifa meiri depurð og kvíða en strákar.

Öryggi og vernd

- 86% í 6.–7. bekk telja sig örugg í sínu hverfi.
- 23% í báðum aldurshópum segjast hafa orðið fyrir einelti.

Félagsleg tengsl og þátttaka

- 100% í 4.–5. bekk og 98% í 6.–7. bekk eiga góða vini.
- 84% í 6.–7. bekk stunda íþróttir reglulega.

Lífsgæði og félagsleg staða

- 89% í 4.–5. bekk fá aðstoð við heimanám.
- 98% í 6.–7. bekk með eigið herbergi.
- 84% upplifa stuðning frá fjölskyldu.
- 6% í 6.–7. bekk hafa ekki borðað vegna peningaskorts.
- 9% í 4.–5. bekk oft svöng í rúminu.

Í umræðum um niðurstöður kom fram að jákvætt væri að áhugi á lestri væri að aukast, sem og að nemendur í 4.–5. bekk upplifi að þeir geti leitað til fullorðins í skólanum en sjá má aukningu frá síðasta skólaári. Nemendur Borgaskóla hreyfa sig almennt meira en samanburðarhópur og stunda íþróttir. Einnig var rætt um lesskilning nemenda og hvaða merkingu þeir væru að leggja í orð. Velt var upp hvort spurningin um traust til kennara væri að vefjast fyrir þegar kennurum ber að hafa samband við foreldra vegna atvika í

skóla. Umræða um að „snitcha“ hefur verið áberandi á miðstigi. Upplifun starfsfólks er að nemendur leiti mikið til fullorðinna, þ.m.t. til skólafélagsráðgjafa en tækifæri er til þess að styrkja tengsl við nemendur. Einnig var rætt um líðan nemenda og upplifun þeirra að bjargráðum við kvíða/depurð. Nemendur innan skólans virðast vera með góð tengsl hvert við annað og mikill meirihluti telur sig örugga í hverfi.

3. Skólastjóri kynnti umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár og greindi frá [skjali](#) sem á að vera á öllum heimasíðum grunnskóla. Borgaskóli er þáttakandi í innra mats verkefni með öðrum grunnskólum í Austurhverfi og er skólastarfið rýnt reglulega þar sem haldnir eru matsfundir með öllu starfsfólki, þróunarteymi fundar eða stjórnendur rýna saman gögn. Í skólanum er umbótahugsun í hávegum höfð og stöðugt leitað leiða til að ná betri árangri í skólastarfi.

Fundi slitið kl. 09:30, fundinn ritaði Ester Helga. Fundargerð yfirfarin af skólaráði.